

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 29. mars 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Katla Hólm Þórhildardóttir, Smári McCarthy og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir. Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 19/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 27. mars var samþykkt.

2. Dagskráin í dag og næstu daga

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Fjármálastefna 2017-2022 og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um kaup í Búnaðarbankanum rædd. Ákveðið var að Halldóra taki þátt í óundirbúnum fyrirspurnartíma á morgun og beinir fyrirspurn sinni til umhverfis- og auðlindaráðherra. Jón Þór tekur einnig til máls ef færi gefst og beinir fyrirspurn sinni til fjármála- og efnahagsráðherra. Ákveðið var að Jón Þór, Smári og Þórhildur Sunna taki þátt í umræðum um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem verður á dagskrá þingfundar á morgun.

3. Brif úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í fastanefndum.

4. Starfsmannamál

Þarfagreining fyrir þau störf sem þingflokkur þarf starfsfólk til þess að sinna rædd.

5. Tilnefningar í stjórnir

Dagskrárlið frestað.

6. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.58.